

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**856. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 8. desember 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Fundinn sátu:**

Stefán E. Böðvarsson, aðalmaður, Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Elín R. Líndal, aðalmaður.

**Embættismenn:**

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

**Fundarritari:**

Guðrún Ragnarsdóttir

**Dagskrá:**

1. Fundargerð hitaveituhóps frá 8. desember.
2. Afgreiðsla stjórnar sambandsins á erindi Vinnumálastofnunar um viðtalsaðstöðu hjá sveitarfélögum lagt fram til kynningar.

**Afgreiðslur:**

1. **Lögð fram fundargerð fulltrúa í Hitaveituhópi Húnaþings vestra frá 8. desember 2014. Lagðar fram eftirfarandi tillögur hitaveituhópsins.**  
Forgangsröðun hitaveituframkvæmda:  
Ákveðið að fara í tvo leggi á næsta ári, 2015.
  - a. Norður Hrutafjörð að Bessastöðum og Sveðjustöðum.
  - b. Frá Laugarbakka suður Miðfjörð.Árið 2016 og 2017 er stefnt að því að leggja hitaveitu í Víðidal og vestan Miðfjarðarar frá Melstað að Söndum.  
Gert er ráð fyrir amk. 90% þátttöku.  
Árið 2018 er gert ráð fyrir að bora á Reykjum í Hrutafirði fyrir mögulega hitaveitu fyrir Hrutafjörð suður.  
Stefnt að því að halda kynningarfundum í janúar. Rekstrarstjóra falið að panta loftmyndir af svæðinu. Byggðarráð samþykkir framkomnar tillögur.
2. **Lögð fram til kynningar annars vegar bréf Vinnumálastofnunar til stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, þar sem óskað er eftir að sveitarfélög leggi til viðtalsaðstöðu fyrir ráðgjafa Vinnumálastofnunar, og hins vegar svarbréf Sambandsins til Vinnumálastofnunar. Byggðarráð tekur jákvætt í erindið svo fremi að tekjustofnar til fjármögnunar verkefnisins verði tryggðir.**  
**Samþykkt að taka á dagskrá:**
3. **Lagður fram 3. liður fundargerðar 128. fundar Landbúnaðarráðs frá 3. desember sl. Vetrarveiði á ref. Byggðarráð samþykkir tillögur landbúnaðarráðs að því tilskyldu að kostnaður fari ekki fram úr fjárhagsáætlun. Byggðarráð vill leggja áherslu á að veiðimenn gangi vel um við útburð á æti við vetrarveiði á ref.**

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl:

---

Stefán Böðvarsson

---

Elín R. Líndal

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Guðný Hrund Karlsdóttir

---

Guðrún Ragnarsdóttir